

7. desember 2018

Frásögn af tólfta fundi starfshóps um samræmd könnunarpróf

Fundinn sátu: Brynhildur Sigurðardóttir, Eðvald Einar Stefánsson, Helgi Arnarsson, Hjördís Albertsdóttir, Sverrir Óskarsson og Þorvar Hafsteinsson. Fundurinn fór fram hjá MMS.

Fyrirhuguðum fundi 5. desember var sleppt en þess í stað var starfshópnum boðið að taka þátt í fundi með starfsfólki MMS og hlýða á erindi Tim Oates, fulltrúa frá Cambridge Assessment. Erindi hans kallaðist „Revising National Assessment“.

Það helsta sem fram kom:

- Tim talar út frá stöðunni og sögunni í Englandi, til að varpa ljósi á lykilsurningar þegar kemur að mati á skólastarf og námi nemenda.
- CA er leiðandi aðili í endurskoðun námskrár í Englandi, og víðar í heiminum. Í starfi CA hefur verið lögð áhersla á að þrýsta á umbætur á kennsluháttum, að bæta kennslu til að auka nám nemenda.
- Paul Newton hefur skrifað mikið um tilgang samræmds mats, auðvelt að finna þær greinar á netinu. Tim Oates og félagar hans hafa skrifað mikið um matið sjálft. Dylan Williams er líka höfundur til að fylgjast með.
- Samræmt námsmat á uppruna sinn í inntökuprófum háskóla þar sem þau voru innleidd til að auka jafnræði við inntöku í skólana, draga úr því að inntakan snerist um hver þekkti hvern.
- Risastóru skólakerfin hafa ekki staðið sig sérstaklega vel varðandi árangur nemenda, Japan og Suður-Kórea eru undantekningar. Þau kerfi sem standa sig best hafa um 5 milljón íbúa (Finnland, Alberta, Sjanghai).
- Í Englandi var ákveðið að hafa samræmt námsmat til að vinna gegn gríðarlegum mun á aðstæðum og árangri nemenda í landinu.
- Það kostar Ísland líklega svipaða upphæð að reka gott matskerfi fyrir landi og það kostar Englendinga, og við höfum aðeins brot af íbúum/skattgreiðendum til að standa undir kostnaðinum. – Vandamál
- Byrja þarf á því að greina vandann vel, taka þann tíma í það sem þarf.
- Svíþjóð gerði breytingar á ferlum, skólagerðum og tengslum við markaðinn – aukin einkavæðing skóla. Námsárangur nemenda skv. alþjóðlegum prófunum hefur hrapað, en einkunnir nemenda í skólum hafa hækkað. Kerfið hefur dregið kennara í ranga átt. Nemendur sækja þá skóla sem eru „þægilegir“ og því leitar kerfið þangað í þessu módeli.
- Í einhverjum tilfellum hefur samkeppni milli skóla bætt menntun, t.d. í stórborgum í USA. En það gildir ekki alls staðar og sú stefna hefur ekki breytt neinu um kennsluhætti.
- Námsefnisgerð er gífurlega mikilvægur hluti skólaþróunar. Námsefni fer beint inn í starfið og birtir viðmið, sem verða í raun það sem unnið er með. Kennslan fer jafn djúpt og námsefnið leyfir.
- Tim leggur áherslu á að öll samræmd próf hafi bein áhrif á skólastarf og því verði að vanda valið á þeim prófum sem tekin eru inn.
- England notar PISA, TIMSS, PIRLS og TALIS – úrtak í hverju prófi. Að auki hafa þeir yfirlit um mat á skólastarfi frá leikskóla (2 til 3 ára) upp í gegnum háskóla. Af hverju? Til að fylgjast með skólastarfi samfélagsins.

- Námsmat í leikskóla: umfangsmikið og tímafrekt en hefur aukið vitund skólanna um að vinna þurfi jafnt í vitsmunapróska, sjálfsmynd og félagsþroska. Ekki mjög áreiðanlegt, en leiðir starfið
- KS1: kennarar vinna mikið af matinu, leggja fyrir verkefni og fara yfir þau. CA safnar gögnunum en þau eru ekki birt opinberlega. Ekki mjög áreiðanlegt. Mælt er: læsi, stærðfræði, vísindi. Mikil áhersla á að nemendur öðlist grundvallarfærni. „Ekkert er jafn takmarkandi og að vera ekki læs – þá get ég ekki lesið það sem ég hef áhuga á.“ Þess vegna er svona sterk áherslan á læsi.
- KS2: læsi (málfræði, framburður, stafsetning), stærðfræði (talnameðferð og rökhugsun)
- Kostnaður við samræmt námsmat frá leik- til framhaldsskóla nemur milljörðum. Mestur kostnaður fer í greiningarvinnu og samningu prófanna.
- Samræmd próf í Englandi valda kennurum og skólastjórnendum mikilli streitu – mikið í húfi og fólk missir vinnuna þegar illa gengur. Mjög neikvæð umræða og hávaðasöm í fjölmiðlum. Í sumum skólum smitar kvíði starfsmanna yfir á nemendur.
- Tim leggur áhersla á að samræmt námsmat sé ekki bara prófið sjálft – heldur líka allt umhverfi þess. Hvernig talar fólk um það? Hvernig eru niðurstöður birtar? Hvað er gert við niðurstöðurnar? eru niðurstöður nýttar til umbóta eða ekki? Fá foreldrar niðurstöður? Skilja nemendur og foreldrar niðurstöðurnar? Sjá nemendur og foreldrar uppbyggilegan tilgang með þessum prófum og niðurstöðum þeirra?
- Tim segir að í Finnlandi sé líklega mest samræmt námsmat – þar er það inni í skólastarfinu, nýtt til að tryggja að enginn nemandi lendi á eftir í náminu, fái nám við hæfi. Unnið með niðurstöður innan skólanna og með nemendum og foreldrum.
- Nú vinnur CA að þróun prófa sem mæla læsi og stærðfræði og þar að auki vinnsluminni og þrautseigju. En hið opinbera vill að í reglum um þessi próf komi fram að þau verði ekki notuð til að dæma eða „tracking“ börn – sem er andstætt tilgangi prófsins sem er að meta stöðu nemenda til að geta sett inn viðbótar úrræði fyrir þau börn sem þurfa það skv. þessari mælingu.
- Mikill munur á sýn kennara á próf sem þeir leggja sjálfir fyrir og þeirra prófa sem eru fjarlæg þeim. Mikilvægt að horfa til þessa til að auka gæði og gildi prófanna. Það verður að taka tillit til þessa svo að prófin þjóni þeim tilgangi að bæta skólastarf með aukið nám allra nemenda að markmiði.
- Til að byggja upp góð próf, örugg og áreiðanleg, verður prófastofnunin að eiga risastóran spurningabanka – tugþúsundir spurninga að leita í.
- Munur á uppsetningu PISA og TIMSS fests í því að PISA ákveður hvað skólakerfi eiga að kenna en TIMSS prófið er sett upp með tilliti til skólakerfa og út frá því sem á að kenna skv. námskrá hvers kerfis.

BS 2018